

- 1977 15/11 Sekt fyrir ölvun við akstur og ýmis umfl. brot.
 1978 6/10 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
 1983 12/10 60 daga varðhald fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur svo
 og of hraðan akstur. Svíptur ökuleyfi ævilangt.
 1984 17/11 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
 1985 26/2 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Hegningarauki.

Auk þess var ákærði dæmdur þann 13. þ.m. í 6 mánaða fangelsi fyrir fjársvik, þjófnað, ölvun og réttindaleysi við akstur.

Brot þau, sem fjallað er um í dómi þessum, eru framin áður en síðastgreindur refsisdómur yfir ákærða var upp kveðinn, og ber því nú að ákveða honum hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. sömu laga 2 mánaða fangelsi. Ökuleyfisvæðing ákærða verður ekki áréttuð hér.

Í málinu liggur frammi skaðabótakrafa Bílaleigunnar Geysis samtals að fjárhæð kr. 89.779. Ákærði hefur mótmælt henni. Þar sem krafan er með öllu örökstudd er henni vísað frá dómi.

Ákærði er dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 28. febrúar 1986.

Nr. 68/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Arnóri Vikari Arnórssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Hinn 25. þ.m. barst Hæstarétti bréf sakadóms Reykjavíkur, dagsett 24. þ.m., er fylgdi endurrit úrskurðar uppkveðins 20. þ.m. en með honum var varnaraðila, Arnóri Vikari Arnórssyni, gert að sæta gæsluvarðhaldi til 12. mars nk. Gögn málsins bera það með sér að úrskurðurinn var kveðinn upp kl. 11.50 hinn 20. þ.m. að varnaraðila viðstöddum, og að næsta dag kl. 11.05 tilkynnti Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, réttargæslumaður varnaraðila, dómaranum það munnlega í símtali að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Frá réttargæslumanninum hefur eigi borist greinargerð, en hins vegar bréf varnaraðila sjálfs sem skilja má á þá leið að hann krefjist þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974 skal kærandi lýsa kæru sinni innan sólarhrings frá birtingu ákvörðunar bréflaga eða með bókun í þingbók. Munnleg tilkynning réttargæslumanns varnaraðila til dómara var þannig ekki fullnægjandi. Ber því að vísa máli þessu ex officio frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. febrúar 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 20. febrúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að kærða, Arnóri Vikari Arnórssyni, fæddum 6. febrúar 1961, til heimilis að Flyðrugranda 14, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. mars nk. kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Í greinargerð Rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram að þar sé nú unnið að rannsókn ætlaðra fjársvika, skjalafals- og annarra auðgunarbrota af hálfu kærða og bróður hans, Sumarliða Óskars. Kærðu hafi á undanförunum 2-3 árum átt eða rekið fasteignasölu, verðbréfamarkað og húsaleigumíðlun auk þess sem þeir hafi með ýmsum hætti haft milligöngu um viðskipti af ýmsu tagi milli manna.

Í viðskiptum sínum hafi þeir með blekkingum fengið kunningja sína og starfsmenn, sem hafi verið með öllu eignalausir og ógjaldfærir til þess að

gera samninga og taka á sig skuldbindingar, til að afla þeim bræðrum fjárhagsávinninga.

Við yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur kærði skýrt svo frá að hann hafi átt fasteignaviðskipti með þeim hætti að hann hafi fengið kunningja sinn, Guðmund Þröst Björgvinsson til þess að gera kaupsamninga um fasteignir sem kaupandi, en síðar hafi hann, þ.e. kærði, keypt fasteignirnar og selt aftur með umtalsverðum hagnaði. Við kaupsamninga Guðmundar þessa hafi ekki verið staðið, þrátt fyrir loforð við Guðmund, sem sé með öllu ógjaldfær og eignalaus og þar með ófær um að efna þær skyldur sem kaupsamningarnir lögðu honum á herðar. Fyrir dómi hefur kærði gefið þá skýringu á þessum viðskiptamáta varðandi aðra fasteignina að með þessu hafi hann verið að komast hjá því að telja kaupin fram til skatts og þannig komast hjá því að telja fram söluhagnað. Hins vegar hefur kærði skýrt frá því í dómnum að það hafi ekki verið með vitund hans og vilja, að því var haldið leyndu fyrir þeim manni, sem seldi Guðmundi Þresti Björgvinssyni íbúð sína, að kærði væri hinn raunverulegi kaupandi, en ekki Guðmundur.

Í fyrradag gerði Rannsóknarlögregla ríkisins húsleit á heimilum og vinnustöðum kærða og Sumarliða bróður hans að undangengnum dómsúrskurði. Við húsleit fundust margvísleg gögn um fjármálaviðskipti kærða og Sumarliða bróður hans við aðra, svo og gögn varðandi viðskipti annarra manna, sem þeir bræður hafa haft milligöngu um. Ósamræmis gætir í framburðum kærða og Sumarliða um þau viðskipti er þeir hafa átt við aðra eða haft milligöngu um.

Eins og gögn málsins bera með sér og komið hefur fram í yfirheyrslum yfir kærða hefur hann ásamt Sumarliða bróður sínum stundað ýmiss konar fjármálaviðskipti og staðið að þeim með þeim hætti, að ætla má að varði við ákvæði XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Rannsókn þessara atriða er enn skammt á veg komin.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið og að athuguðum rannsóknargögnum málsins um rannsóknarstöðu þess þykja ástæður 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 vera fyrir hendi og því rétt að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. mars 1986 kl. 17:00. Brot þau, sem kærði er sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu og eru því ákvæði 65. gr. stjórnskrárinna úrskurði þessum ekki til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Arnór Vikar Arnórsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. mars nk. kl. 17:00.